

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 26. maí 2001.***Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Sólveig Pétursdóttir.***LÖG****um breytingu á lögum um birtingu laga og stjórnvaldaerinda,
nr. 64 16. desember 1943, o.fl.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:**Um breytingu á lögum um birtingu laga og stjórnvaldaerinda,
nr. 64 16. desember 1943, með síðari breytingum.**

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 22/1962 og 1. gr. laga nr. 95/1994:

- a. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein er hljóðar svo:
Við birtingu stjórnvaldsfyrirmæla í B-deild Stjórnartíðinda, sem sett eru til innleiðingar EES-reglna, er heimilt að vísa til birtingar skv. 3. mgr.
- b. Við 2. mgr., er verður 3. mgr., bætist nýr málslíður er hljóðar svo: Birting ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar og þeirra gerða, sem þar er vísað til, í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB telst jafngild birting að þessu leyti.

**Um breytingu á lögum um Evrópska efnahagssvæðið,
nr. 2 13. janúar 1993, með síðari breytingu.**

2. gr.

4. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 91/1994, fellur brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 26. maí 2001.***Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

Sólveig Pétursdóttir.